

Ritdómur

Húsið okkar brennur,
eftir Gretu Thunberg, Malenu Ernman, Beatu Ernman, Svante Thunberg,
þýð. Eyrún Edda Hjörleifsdóttir, Reykjavík: JPV, 2019, 303 bls. bls.¹

Eins og raunin hefur verið víða um heim, hafa Íslendingar verið seinir til að átta sig á alvöru loftslagsbreytinga og afleiðinga þeirra. En smám saman er fólk farið að skynja hættuna sem lífinu á jörðinni stafar af hlýnandi loftslagi. Sænska unglingsstúlkan Greta Thunberg hefur átt stóran þátt í þeirri vitundarvakningu sem átt hefur sér stað að undanfögnu, einkum á meðal ungs fólks. Hún hóf, eins og kunnugt er, skólaverkfall sitt í þágu loftslagsins fyrir utan sænska þinghúsið í Stokkhólmi, í ágúst árið 2018. Síðustu mánuði hafa íslensk börn og unglingar farið að fordæmi Gretu og safnast saman á föstudögum til að þrýsta á yfirvöld að standa við skuldbindingar sínar í samkomulaginu sem skrifað var undir í París í desember 2015 og áreittað hefur verið í alþjóðlegu samstarfi í kjölfar Parísarráðstefnunnar.

Á síðasta ári kom út í íslenskri þýðingu saga Gretu Thunberg og fjölskyldu hennar, sögð af þeim sjálfum. Þetta er átakanleg saga, sem segir frá baráttu fjölskyldunnar við afleiðingar alvarlegra raskana sem Greta og systir hennar, Beata, hafa glímt við frá barnsaldri. Sem barn og unglingur var Greta illa haldin af átröskun og þunglyndi og á tímabili hætti hún að tala. Skólaganga hennar var stoppul framan af, en hún var lögð í alvarlegt einelti af skólasystkinum sínum. Fyrir vikið átti hún erfitt með að treysta börnum og unglingum. Það reyndi á getu hennar til að læra að treysta þeim á ný þegar ungt fólk vildi gerast þátttakendur í skólaverkfalli hennar. Þegar Greta ákvað að brjóta einangrun sína og hefja opinbera baráttu sína gegn loftslagsvánni voru foreldrar hennar efins, enda höfðu þau lagt mikið á sig til að hjálpa dóttur sinni til að ná bata. Það er skiljanlegt að þau hafi haft efasemdir um fyrirætlanir dóttur sinnar og óttast áhrif þeirra á heilsu hennar. Síðan hefur komið í ljós að þrotlaus baráttu hennar hefur átt stóran þátt í því að hún náði heilsu á ný.

Það má segja að orðspor Gretu hafi farið eins og eldur í sinu um allan heim í kjölfar skólaverkfalla hennar. Þegar hún hóf aðgerðir sínar fyrir tæpum tveimur árum var hún aðeins 15 ára gömul. Kveikjan að aðgerðunum voru sænskar þingkosningar í byrjun september 2018, en Greta vildi með verkfalli sínu minna sænska stjórnámamenn á yfirvofandi ógn af völdum hamfarahlýnunar og ábyrgð þeirra gagnvart kynslóðum framtíðarinnar. Þó að Greta hafi upphaflega aðeins ætlað sér að skrópa í skólanum fram að kosningum, fór svo að hún ákvað að halda áfram aðgerðum sínum einn dag í viku, í stað þess að skrópa alla daga vikunnar eins og fyrstu vikurnar. Greta er staðráðin í að halda aðgerðum sínum

¹ Á frummálinu heitir bókin *Scener ur hjärtat* (Stokkhólmi: Bokförlaget Polaris, 1918) en í enskri þýðingu heitir hún *Our House is on Fire: Scenes of a Family and a Planet in Crisis* (New York: Penguin Books, 2020).

áfram allt þar til sænska ríkisstjórnin hefur að fullu staðið við skuldbindingar sínar í Parísarsamkomulaginu. En ólíkt því sem var raunin til að byrja með, er Greta ekki lengur ein í þessum aðgerðum.

Það sem byrjaði sem einkaframtak unglingsstúlku hefur smátt og smátt þróast út í það að verða alþjóðleg hreyfing, sem hefur haft víðtæk áhrif á heimsvísu og vakið fólk til meðvitundar um áhrif hamfarahlýnunar. Þannig hefur Gretu tekist, þrátt fyrir ungan aldur, að fá fólk um allan heim til þess að safnast saman á götum úti og krefjast ábyrgra aðgerða af þeim sem sitja við stjórnvölinn, en einnig að höfða til ábyrgðar einstaklinga. Með því að tala beinskeytt og án þess að hika, en einnig með því að taka róttækar ákvarðanir eins og að hætta að fljúga, hefur hún fengið fólk til að leggja við hlustir. Sjálf hefur hún sagt að ástæðan fyrir því að hún hafi tilhneigingu til að sjá hlutina í svörtu og hvítu, sem „annaðhvort eða“, hafi með það að gera að hún sé með Asperger-heilkenni. Hún hefur einnig sagt frá því hvernig þunglyndi hafi heltekið sig í æsku eftir að hún heyrði talað um loftslagsvandann í skólanum. Það sem henni fannst erfiðast að setta sig við var sinnuleysið sem hún varð vitni að á meðal barna og fullorðinna, sem kærðu sig kollótt um það sem var að gerast og héldu áfram lífi sínu eins og ekkert hefði í skorist. Eftir að hafa þjást í mörg ár af átröskun, tókst henni að sigrast á þessum sjúkdómi sem ógnaði lífi hennar og byrja að borða (og tala) á ný. Það er ljóst að fyrir Gretu er baráttan gegn loftslagsbreytingum, eins og baráttan við átröskunina, barátta upp á líf og dauða og það er einmitt sá boðskapur sem hún vill koma á framfæri.

Síðan Greta hóf skólaverkfall sitt hefur henni verið boðið að tala á fjölda útifunda og einnig á ráðstefnum og lokuðum fundum. Á þessu tímabili hefur hún m.a. ávarpað Evrópuþingið, breska þingið, fulltrúadeild Bandaríkjaþings og Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Í málflutningi sínum hefur hún sett mál sitt fram í samræmi við svart-hvíta heimsmynd sína og kallað eftir afgerandi afstöðu almennings og stjórnvalda og tafarlausum aðgerðum til að stemma stigu við óheftri losun gróðurhúsalofttegunda. „Annaðhvort gerum við eitthvað í málunum eða ekki“, hefur verið boðskapur hennar í hnotskurn.² Orðræða hennar minnir um margt á orðræðu spámanna Gamla testamentisins, þar sem ekki er aðeins kallað eftir aðgerðum heldur umbreytingu hugar og hjarta. Í ræðu sem hún hélt í höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel í febrúar 2019, hvatti hún leiðtoga ríkja sambandsins til þess að vinna heimavinnuna sína, af því að þá myndu þeir skilja að það sem þyrfti væri nýjar áherslur þar sem allt kapp væri lagt á það að hægja á útblæstri og stemma stigu við hækkandi hitastigi sem ógnar lífríkinu til frambúðar. Að mati Gretu er það samt ekki nóg. Hún kallar eftir nýjum hugsunarhætti, þar sem í stað ríkjandi stjórnmalakerfa, sem byggjast á samkeppni, verði lögð áhersla á samvinnu og samnýtingu auðlinda. Þá sé nauðsynlegt að við virðum þau takmörk sem vistkerfið setur okkur og við stöndum vörð um umhverfi okkar: loft, haf, jarðveg og skóga.³ Hér er engin málamiðlun í boði, engin hálfvelgja, annaðhvort ertu *með* eða *á móti*, annaðhvort ertu *tilbúin*/*-n* til þess að gera þitt besta til að bjarga jörðinni, eða *ekki*.

Líkingin af brennandi húsi er ágeng, máluð sterkum litum. „Húsið okkar brennur. Ég er hingað komin til að segja að það sé kviknað í húsinu okkar,“ sagði Greta í upphafi ræðu sinnar á alþjóðæfnahagsþinginu í Davos í janúar 2019. Hún lauk máli sínu með þessari kröftugu brýningu:

² Greta Thunberg, *No One Is Too Small to Make a Difference*, UK: Penguin Books, 2019, bls. 21.

³ Sama rit, bls. 36–37.

Við stöndum nú á þeim tímamarkum í mannkynssögunni þegar allir þeir sem átta sig á loftslagsvánni sem ógnar siðmenningu okkar og lífheiminum öllum verða að opna munninn.

Og tala skýrt.

Sama hversu óþægilegt eða óarðbært það er.

Við verðum að breyta nánast öllu í samfélögum okkar.

Því stærra sem kolefnisspor þitt er — þeim mun ríkari er siðferðisskylda þín.

Því fleiri sem líta upp til þín — þeim mun meiri er ábyrgð þín.

Fullorðna fólk er alltaf að segja: „Við verðum að gefa unga fólkinu von.“

En ég vil ekki vonina ykkar.

Ég vil ekki að þið séuð vongóð.

Ég vil að þið séuð skelfingu lostin.

Ég vil að þið finnið til sama ótta og ég finn til á hverjum degi.

Og svo vil ég að þið gerið eitthvað.

Ég vil að þið hagið ykkur eins og líf ykkar sé í hættu.

Ég vil að þið hagið ykkur eins og það sé kviknað í húsinu ykkar.

Af því að það er kviknað í því.⁴

Það er sannarlega eitthvað bogið við það þegar börn og unglingar finna sig knúin til að skrópa í skólanum til þess að berjast fyrir framtíð jarðarinnar og um leið framtíð komandi kynslóða. Það er mikið í húfi og unga fólk hefur tekið til sinna ráða. Enn einu sinni sannast það að borgaraleg óhlýðni er mikilvægt tæki í baráttunni gegn óréttlátum kerfum, sem viðhalda misskiptingu gæða og misrétti. Það er einmitt þetta sem *loftslagsréttlæti* (e. *climate justice*) vísar til.⁵ Staðreyndin er sú að þeir íbúar jarðarinnar sem bera hvað minnsta ábyrgð á loftslagsvandannum verða mest fyrir bardinu á afleiðingum hans. Hér er átt við fátækt fólk, ekki síst konur og börn, sem býr á suðurhveli jarðar. Loftslagsréttlæti gerir þær kröfur að við sem tilheyrum þeim hluta jarðarinnar sem nýtur mestra forréttinda hættum að einblína á okkar eigin þarfir og okkar eigin efnahag og horfum í stað þess á stóru myndina, á þá ábyrgð sem við berum í hinu hnattræna samhengi.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að þau sem fylgjast vel með umræðunni um hamfarahlýnun og mögulegar afleiðingar hennar, hafa gjarnan áhyggjur af framtíðinni. Loftslagskvíði (e. *eco-anxiety*) er vaxandi vandamál, ekki síst á meðal ungs fólks. Það sem veldur áhyggjum og kvíða eru m.a. bráðnandi jöklar, hækkandi hitastig og öflugir hitabeltisstormar. Þó að það sé mikilvægt halda í vonina og muna að það er ýmislegt sem er hægt að gera til að bregðast við aðsteðjandi vanda hefur Greta Thunberg varað okkur við því að tal um von geti í raun komið í veg fyrir að fólk grípi til aðgerða. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Katowice í Póllandi í lok ársins 2018, hélt Greta eina af sínum magnþrungnu ræðum frammi fyrir þjóðarleiðtogum, sérfræðingum í loftslagsmálum, fjölmiðlafólki og fleiri ráðstefnugestum. Hún endaði mál sitt með þessum orðum:

Það er engin von fyrr en að þið farið að leggja áherslu á það sem þarf að gera, fremur en að einblína á það sem er pólitískt mögulegt að gera. Við getum ekki leyst þann vanda sem við stöndum frammi fyrir fyrr en að við viðurkennum hversu alvarlegur hann er. Við þurfum að leyfa jarðefnaeldsneytinu að vera í friði neðanjarðar og við þurfum að einblína á jöfnuð.

Og ef lausnirnar finnast ekki innan kerfisins, þá þurfum við kannski að breyta kerfinu sjálfu?

⁴ Greta Thunberg o.fl., *Húsið okkar brennur*, bls. 295–296.

⁵ Sjá ritdóm sem birtist í síðasta hefti *Ritradarinnar* um bók sem fjallar um loftslagsréttlæti: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Ritdómur *Climate Justice — Hope, Resilience, and the Fight for a Sustainable Future*, eftir Mary Robinson, New York: Bloomsbury, 2018, 163 bls.“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 49/2019, bls. 118–120, <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/3022/1760>.

Við erum ekki komin til þess að grátbiðja þjóðarleiðtoga að sýna umhyggju. Þið hafið hunsað okkur hingað til og þið munuð halda áfram að hunsa okkur. Þið eigið ekki lengur neinar afsakanir í förum ykkar og við megum engan tíma missa. Við erum hingað komin til að láta ykkur vita að hvort sem ykkur líkar betur eða verr þá eru breytingar í farvatninu.

Hið raunverulega vald tilheyrir fólkinu.⁶

Rödd Gretu Thunberg minnir um margt á „rödd hrópandans í eyðimörkinni“. Í öllu falli er rödd hennar ögrandi og hrópar á athygli. Hvort henni tekst að fá íbúa jarðarinnar til að sameinast í aðgerðum gegn þeirri vá sem vofir yfir okkur, og það áður en það verður um seinan, verður tíminn að leiða í ljós.

⁶ Greta Thunberg, *No One Is Too Small to Make a Difference*, bls.16. Þýðing greinarhöfundar.